



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 28. júní 2021

USK2021060103

5.11

Borgarráð

Lagfæringar á aðgengi strætóbiðstöðva 2021.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við lagfæringar á aðgengi strætóbiðstöðva 2021.

Kostnaðaráætlun 2 er 40 m.kr.

Áætlaður framkvæmdatími er ágúst-október 2021.

Greinargerð:

Um er að ræða endurbætur og lagfæringar á 12 strætóbiðstöðvum. Framkvæmdir taka mið af ástandsúttekt á aðgengi strætóbiðstöðva sem gerð var sumarið 2020. Framkvæmdum er forgangsraðað skv. ástandsúttekt auk fjölda farþega sem fara um hverja biðstöð.

Kostnaðaráætlun 2: 40 m.kr.

Kostnaðarstaður: 3108

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Kynning

ENDURNÝJUN STRÆTÓBIÐSTÖÐVA



UMHVERFIS- OG
SKIPULAGSSVIÐ

YFIRLITSMYND



LÝSING Á FRAMKVÆMD

ÁSTANDSMAT OG HELSTU VERKÞÆTTIR

- Framkvæmdir taka mið af úttekt á aðgengi strætóbiðstöðva sem gerð var sumarið 2020
- Að lokinni úttekt var unnin skýrsla sem lögð var fram í Umhverfi- og samgönguráði þann 11.nóv 2020
- Unnið verður að úrbótum eftir forgagnsröð þar sem helst er tekið mið af ástandsmati auk fjölda farþega strætó sem fara um hverja biðstöð um sig
- Endurnýjun og endurbætur á yfirborði strætóstöðva
- Hækka kantstein í rétta hæð á strætóstöðvum
- Gerð leiðarlína og viðvörunarlína fyrir blinda og sjónskerta
- Bæta við bekkjum þar sem skýli eru ekki til staðar
- Bæta aðgengi og öryggi gangandi vegfarenda með bættum tengingum við stíga og gangstéttir
- Lagfæra gönguþveranir á stöðvum þar sem núverandi þveranir geta skapað óþarfa hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur